

LÖG

um breyting á lögum nr. 58 12. maí 1970, um skemmtanaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Skattur af verði aðgöngumiða á skemmtanir, sem taldar eru í 2. flokki, skal ekki innheimtur í sveitarfélögum með færri en 2500 íbúa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

um húsaleigu sem fylgir breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Mánaðarleiga fyrir íbúðarhúsnæði samkvæmt nýjum eða endurnýjuðum samningi gerðum á 12 mánaða tímabilinu apríl 1982 til mars 1983 má frá 1. maí 1983 ekki hækka meira en hér segir frá þeirri mánaðarleigu er gildi í mars 1983:

Samningurinn gerður eða endurnýjaður á tímabilinu:	Hámark hækkunar 1. maí 1983 frá mars- húsaleigu 1983
Apríl—júní 1982	45%
Júlí—september 1982	32%
Október—desember 1982	21%
Janúar—mars 1983	10%

Húsaleiga, sem greidd er leigusala fyrir maímánuð 1983 samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal haldast óbreytt í júní 1983, enda sé viðkomandi húsaleigusamningur þá enn í gildi.

Húsaleiga, er samkvæmt samningi gerðum fyrir 1. apríl 1982 fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar fyrir íbúðarhúsnæði, hækkar frá 1. apríl 1983 um 51,04% samkvæmt henni.

Ákvæði þessarar gr. taka einvörðungu til húsaleigu samkvæmt samningum þar sem ákvæðið er að hún skuli fylgja breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.

2. gr.

Frá 3. ársfjórðungi 1983 skal húsaleiga samkvæmt samningum þeim, er um ræðir í 1. til 3. málsg. 1. gr., fylgja hlutfallslegum breytingum meðallauna á næstliðnum þremur mánuðum og breytast ársfjórðungslega frá byrjun mánaðanna júlí, október, janúar og apríl. Hagstofa Íslands tilkynnir opinberlega hver þessi breyting sé hverju sinni.

Frjálst er að ákveða í leigusamningum um íbúðarhúsnæði, gerðum eftir marslok 1983, að leiga skuli fylgja breytingum meðallauna, sbr. fyrri málsg. þessarar gr.

3. gr.

Húsaleiga fyrir atvinnuhúsnæði, er nú fylgir breytingum sérstakrar vísitölu fyrir það, hækkar frá 1. apríl 1983 um 53,03% samkvæmt henni. Frá 3. ársfjórðungi 1983 og framvegis skal leiga fyrir atvinnuhúsnæði breytast eftir sömu reglum og ákveðnar eru í fyrri málsg. 2. gr. ef í gildandi samningi er kveðið svo á að hún skuli fylgja vísitölu fyrir atvinnuhúsnæði.

4. gr.

Nú hefur húsaleigusamningur þeirrar tegundar, er um ræðir í 1. og 3. gr., verið gerður í apríl 1983 fram að gildistöku þessara laga og skal þá leiga samkvæmt honum eftir 30. júní 1983 breytast í samræmi við ákvæði fyrri málsg. 2. gr. meðan hann er í gildi.

5. gr.

Frá og með júní 1983 kemur ársfjórðungsleg tilkynning Hagstofunnar um verðbóta-hækkun húsaleigu samkvæmt 2. gr. í stað vísitölu húsnæðiskostnaðar er skal eigi reiknuð eftir mars 1983.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna falli brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.